

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1178/2008****2014/EES/64/47**

frá 28. nóvember 2008

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1503/2006 og (EB) nr. 657/2007 að því er varðar aðlögun í kjölfar endurskoðunar á atvinnugreinaflokkun Bandalaganna (NACE) og vöruflokkun Bandalagsins (CPA) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma<sup>(1)</sup>, einkum b-, e- og j-lið 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1165/98 var settur sameiginlegur rammi um gerð skammtímahagskýrslna Bandalagsins um hagsveiflur.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1503/2006 frá 28. september 2006 um framkvæmd og breytingar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma með tilliti til skilgreininga á breytum, skrár yfir breytur og þess hversu oft á að taka saman gögn<sup>(2)</sup> er kveðið á um aðferðafræðilegar skilgreiningar á þeim breytum sem eru notaðar í hagskýrslum til skamms tíma.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 657/2007 frá 14. júní 2007 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma að því er varðar stofnsetningu evrópskra úrtakskerfa<sup>(3)</sup>, eru tilteknar reglur og skilyrði að því er varðar gagnaflutninga aðildarríkja sem eiga aðild að evrópsku úrtakskerfunum fyrir skammtímahagskýrslur.
- 4) Nauðsynlegt er að uppfæra skrá yfir breytur, stig sundurliðunar og samantektar, sem nota skal fyrir tilteknar breytur, og reglur og skilyrði fyrir evrópska úrtakskerfið eftir samþykkt á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og

tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslu-svið<sup>(4)</sup>, og reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 451/2008 frá 23. apríl 2008, koma á nýrri vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) og fella úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93<sup>(5)</sup>.

- 5) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 1165/98**

Ákvæðum viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 1503/2006**

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1503/2006 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 657/2007**

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 657/2007 komi III. viðauki við þessa reglugerð.

4. gr.

**Gildistaka.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stj. ESB L 319, 29.11.2008, bls. 16. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 25.6.2009, bls. 24.

<sup>(1)</sup> Stj. ESB L 162, 5.6.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stj. ESB L 281, 12.10.2006, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stj. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stj. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stj. ESB L 145, 4.6.2008 bls. 65.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Joaquín ALMENIA

*framkvæmdastjóri.*

—

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

1. Í c-lið (Skrá yfir breytur) komi eftirfarandi í stað 10. og 11. liðar:

- „10. Upplýsinga um framleiðsluverð og innflutningsverð (nr. 310, 311, 312 og 340) er ekki krafist fyrir eftirfarandi flokka eða greinar atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna (NACE), 2. endursk. annars vegar og hins vegar vöruflokunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA): 07.21, 24.46, 25.4, 30.1, 30.3, 30.4 og 38.3. Hér við bætist að upplýsinga um innflutningsverð (nr. 340) er ekki krafist fyrir deildir 09, 18, 33 og 36 í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum. Heimilt er að endurskoða skrána yfir starfsemi sem ekki er krafist, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.
11. Breytan fyrir innflutningsverð (nr. 340) er reiknuð á grundvelli afurða vöruflokunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum. Innflutningseiningar má flokka utan flokkanna í bálkum B til D í atvinnugreinaflokkan Evrópubandalaganna, 2. endursk.“,

2. Textanum í f-lið (Nákvæmnistig) er breytt sem hér segir:

2.1. Eftirfarandi komi í stað 7. mgr. 2.1. þáttar:

- „7. Senda skal innflutningsverðsbreytu (nr. 340) fyrir heildarsamtölu iðnaðarvæðis, bálkar B til D í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum og aðalatvinnugreinaflokkanum (MIG) sem eru skilgreindir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 568/2001 eins og þeim var breytt með reglugerð (EB) nr. 656/2007 á grundvelli vöruflokunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum. Þau aðildarríki sem ekki hafa tekið upp evru sem gjaldmiðil þurfa ekki að senda þessa breytu.“,

2.2. Eftirfarandi komi í stað 9. og 10. mgr. þáttar 2.2:

- „9. Senda skal breytur fyrir erlenda markaði (nr. 122, 132 og 312) samkvæmt aðgreiningu í lönd á evrusvæðinu og lönd utan þess. Nota skal þessa skiptingu á atvinnugreinar í heild, eins og þær eru skilgreindar í bálkum B til E í atvinnugreinaflokkan Evrópubandalaganna, 2. endursk., í aðalatvinnugreinaflokkanum, á bálkastigi (1 bókstafur) og á deildarstigi (2 tölustafir) í atvinnugreinaflokkan Evrópubandalaganna, 2. endursk. Ekki er krafist upplýsinga um bála D og E í atvinnugreinaflokkan Evrópubandalaganna, 2. endursk., fyrir breytu 122. Að auki skal senda breytuna um innflutningsverð (nr. 340) samkvæmt skiptingunni í lönd á evrusvæðinu og lönd utan þess. Nota skal þessa skiptingu á atvinnugreinar í heild, eins og þær eru skilgreindar í bálkum B til D í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum, aðalatvinnugreinaflokkanum (MIG), á bálkastigi (1 bókstafur) og á deildarstigi (2 tölustafir) í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum. Fyrir aðgreininguna í lönd á evrusvæðinu og lönd utan þess getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., ákveðið skilyrði fyrir beitingu evrópskra úrtakskerfa eins og þau eru skilgreind í d-lið fyrstu undirgreinar í 2. mgr. 4. gr. Evrópska úrtakskerfið getur takmarkað umfang innflutningsverðsbreytunnar að því er varðar innflutning á vörum frá löndum utan evrusvæðisins. Þau aðildarríki, sem hafa ekki tekið upp evru sem gjaldmiðil, þurfa ekki að gera greinarmun á löndum á evrusvæðinu og löndum utan þess að því er varðar breytur 122, 132, 312 og 340.
10. Þau aðildarríki, sem eru með minna en 1% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins á viðmiðunarári sem virðisauka í bálkum B, C, D og E í atvinnugreinaflokkan Evrópubandalaganna, 2. endursk., (eða í bálkum B, C og D í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum fyrir innflutningsverð) á tilteknu grunnári þurfa einungis að senda gögn fyrir atvinnulífið í heild, aðalatvinnugreinaflokka og bálkastig atvinnugreinaflokkan Evrópubandalaganna, 2. endursk., eða vöruflokunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum.“

*II. VIÐAUKI*

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1503/2006 er breytt sem hér segir:

undir fyrirsögninni „Breyta: 340 innflutningsverð,“ kemur eftirfarandi í stað síðasta undirliðar í 4. mgr.:

„— vöruumfangið einskorðast við vörur í B-, C- og D-flokki í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum.  
Tengd þjónusta er undanskilin.“

---

## III. VIÐAUKI

Í stað viðauka við reglugerð (EB) nr. 657/2007 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

**132 NÝJAR PANTANIR Á ERLENDUM MARKAÐI**

Aðildarríki	Gildissvið gagna í evrópska úrtakskerfinu, 2. endursk.
Belgía	13, 14, 17, 20, 21, 24, 25, 26, 27, 29
Írland	14, 20, 21, 26, 27
Kýpur	20, 21
Malta	26
Holland	17, 20, 21, 25, 26, 28
Finland	17, 20, 21, 24, 26, 27, 28

**312 FRAMLEIÐSLUVERÐ Á ERLENDUM MARKAÐI**

Aðildarríki	Gildissvið gagna í evrópska úrtakskerfinu, 2. endursk.
Belgía	08, 10, 11, 12, 13, 14, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 29, 31, 32, 35
Írland	05, 07, 08, 10, 11, 18, 20, 21, 26
Kýpur	10, 11, 20, 21, 26
Malta	12, 14, 26
Finland	05, 07, 08, 16, 17, 19, 24, 26, 28
Slóvenía	14, 16, 22, 25, 31

**340 INNFLUTNINGSVERÐ**

Aðildarríki	Umfang gagna í evrópska úrtakskerfinu
Belgía	08.99, 10.32, 10.51, 12.00, 13.10, 15.12, 16.10, 19.20, 20.13, 20.14, 20.16, 20.59, 21.10, 21.20, 22.11, 22.19, 23.12, 23.14, 23.19, 23.70, 24.10, 25.73, 28.11, 28.24, 28.41, 28.92, 29.10, 29.32, 30.91, 31.00, 31.09, 32.50
Írland	10.13, 10.82, 17.21, 17.22, 17.29, 20.42, 25.11, 26.11, 26.20, 26.30, 28.23, 32.50
Kýpur	19.20
Lúxemborg	26.20
Malta	12,00
Austurríki	16.10, 23.13, 25.11, 25.94, 26.20, 26.30, 28.11, 28.92, 35.11
Portúgal	05.10, 06.10
Finland	07,29, 16,10, 22,21, 23,20, 24,10, 26,30, 28,22, 31,09, 35,11
Slóvenía	24.10 <sup>4</sup>